

Umsókn um styrk úr Borgarsjóði

Reykjavíkurborg veitir ár hvert félagasamtökum, fyrirtækjum og einstaklingum styrki til starfsemi og þjónustu sem fellur að hlutverki sveitarfélagsins eða telst á annan hátt í samræmi við stefnumörkun, áherslur og forgangsöröðun borgaryfirvalda. Styrkirnir eru ætlaðir viðburðum eða verkefnum sem koma til framkvæmda á næsta ári. Viðburðir eða verkefni eru ekki styrkt eftir á. Styrkveiting felur ekki í sér fyrirheit um frekari skuldbindingar af hálfu Reykjavíkurborgar nema gerður sé sérstakur samningur þess efnis. Umsókn skal berast eigi síðar en að hádegi 2. október 2018. Einungis eru teknar til greina umsóknir sem berast innan tilskilins frests og uppfylla þær kröfur sem reglur Reykjavíkurborgar kveða á um (hægt er að nálgast reglurnar á síðunni <https://reykjavik.is/styrkir> target="_blank">www.reykjavik.is/styrkir Hafi umsækjandi fengið styrk áður þarf að skila inn greinargerð um ráðstöfun hans.

Umsækjandi

Málsnúmer **P-2018-09-26-0021**

Nafn umsækjanda Hjálparstarf kirkjunnar

Kennitala 4506700499

Banki 0334

Höfuðbók 26

Reikningsnúmer 27_____

Heimilisfang Háaleitisbraut 66

Staður Reykjavík

Póstnúmer 103

Netfang help@help.is

Símanúmer 1 5284400

Símanúmer 2 -

Nafn ábyrgðarmanns Sædis Arnardsóttir

Hlutverk ábyrgðaraðila Félagsráðgjafi

Kennitala ábyrgðarmanns 120784-2429

Netfang ábyrgðaraðila saedis@help.is

Heimilisfang ábyrgðaraðila -

Staður ábyrgðaraðila -

Póstnúmer ábyrgðaraðila -

Símanúmer ábyrgðaraðila -

Lýsing á verkefni

Heiti verkefnis Út úr vítahring fátæktar og félagslegrar einangrunar ı hjálp til sjálfshjálpar.

Verkefnið í hnotskurn Ráðgjöf og valdefling fólks á Íslandi sem býr við fátækt og félagslega einangrun.

Verkefnislýsing

Hjálparstarf kirkjunnar veitir fólki í neyð efnislega aðstoð og félagslega ráðgjöf. Félagsráðgjafar Hjálparstarfsins nálgast fólk á forsendum þess sjálfs og tvinna saman efnislegan stuðning og valdeflingu þannig að aðstoðin leiði til raunverulegra breytinga í lífi fólks. Áhersla er lögð á að hjálpa fólki við að finna styrk sinn þannig að það geti notað hann til að taka ákvarðanir um eigið líf. Félagsráðgjafar Hjálparstarfsins eru þrír í 2,7% stöðugildi, en á árinu bættist við ein staða vegna nýs verkefnis sem hóf göngu

sína í febrúar. Félagsráðgjafarnir taka á móti fólki sem leitar eftir efnislegum stuðningi og/eða ráðgjöf hjá Hjálparstarfinu, ræða við það og benda á úrræði sem kunna að gagnast því við að komast út úr erfiðum aðstæðum. Efnislegur stuðningur er nauðsynlegur til þess að takast á við erfiðar aðstæður en til þess að komast út úr vítahring fátæktar og félagslegrar einangrunar þarf að takast á við aðstæður á breiðum grunni. Hjálparstarfið hefur því þróað starfið til þess að mæta þörfum þeirra sem til þess leita og býður nú meðal annars upp á sjálfstyrkingar- og færninámskeið, skipulögð sumarfrí fyrir efnalitlar barnafjölskyldur og skipulagða samveru með ræktun grænmetis í matjurtargörðum, styrki vegna skólagöngu barna, unglinga og vegna íþróttaiðkunar barna og tómstundastarfs þeirra.

Sótt er um verkefni á sviði Félags- og velferðarmála

Markmið verkefnisins

Markmið verkefnisins eru í fyrsta lagi að rjúfa vítahring fátæktar og félagslegrar einangrunar. Í öðru lagi að hjálpa fólki að finna styrk sinn og nota hann til að taka ákvarðanir um eigið líf. Í þriðja lagi að styrkja sjálfsmynd þeirra sem til okkar leita svo þeir geti tekið virkan þátt í samfélaginu.

Hverjir hafa helst hag af styrknum? Fleiri konur en karlar

Hverjir munu vinna að verkefninu? Aðallega konur

Er virk jafnréttisstofna hjá umsækjanda? (ef félag, fyrirtæki eða stofnun)

Þjóðkirkjan hefur virka jafnréttisstofnu sem tekur mið af gildandi jafnréttislögum á Íslandi og er skipuð fimm fulltrúa jafnréttisnefnd fjórða hvert ár ásamt því að vinna eftir framkvæmdaráætlun. Fimmta grein skipulagsskrár Hjálparstarfs kirkjunnar mælir fyrir um að stofnunin veiti aðstoð sína án tillits til þess hverjir séu viðtakendur hennar og hver sé orsök neyðarinnar.

Hvernig fellur verkefnið að markmiðum mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar?

Hjálparstarfið hefur sett fram sínar eigin siðareglur sem starfsfólk Hjálparstarfsins starfar eftir. Þá starfa félagsráðgjafarnir einnig eftir siðareglum félagsráðgjafa. Faglegt mat félagsráðgjafa Hjálparstarfsins liggja til grundvallar stuðningi sem veittur er án tillits til uppruna, þjóðernis, lítarháttar, kyns, kynhneigðar, trúar eða lífsskoðana. Virðing fyrir mannréttindum og valdefling skjólstæðinga eru leiðarljós í öllum verkefnum Hjálparstarfsins.

Hvers vegna er þörf fyrir verkefnið og hvernig mætir verkefnið þeirri þörf?

Hjá Hjálparstarfinu hefur alltaf verið þörf fyrir ráðgjöf en eftir að félagsráðgjafi var ráðinn í starfið hefur sú þörf verið sýnilegri og æ fleiri sækja í hana. Boðið er upp á opna viðtalstíma alla miðvikudaga en eins er hægt að panta tíma með litlum fyrirvara. Ráðgjöfin hjá Hjálparstarfinu er því mjög aðgengileg. Þá vísar félagsþjónustan á Hjálparstarfið og verkefni þess. Þörf fyrir ráðgjöf hefur farið vaxandi á undanförunum árum. Þetta á sérstaklega við ráðgjöf til erlendra ríkisborgara sem eru að stíga sín fyrstu skref á Íslandi. Með vaxandi fjölda flóttamanna og innflytjenda hér á landi hefur þessi hluti í starfi félagsráðgjafa vaxið mikið og fer æ meiri tími í að sinna því. Hvert viðtal getur eins tekið langan tíma vegna tungumálaörðuleika og oft þarf að stíga aukaskref í því aðstoða fólki sem jafnvel er ólæst og óskrifandi. Þetta felur meðal annars í sér að hringja í félagsþjónustuna, skattinn eða grunnskólann og leiðbeina viðkomandi um kerfið.

Verk- og tímaáætlun verkefnisins

Óskað er eftir þjónustusamning um styrk til þriggja ára. Frá janúar 2019 til desember 2021. Þetta er verkefni sem er alltaf í gangi hjá Hjálparstarfinu og mun því halda sínum dampi eins og hefur verið. Engar sérstakar dagsetningar eru því settar fyrir framgöngu verkefnisins.

Verkþættir og fjármögnun

Áætluð útgjöld

Skilgreinið helstu útgjaldaliði og upphæðir

Áætluð útgjöld	Upphæð
50% staða félagsráðgjafa árið 2019	4080000
50% staða félagsráðgjafa árið 2020	4080000
50% staða félagsráðgjafa árið 2021	4080000

Samtals 12.240.000

Áætlaðar tekjur

Skilgreinið helstu tekjuliði og upphæðir

Áætlaðar tekjur	Upphæð
-	-
-	-
-	-

Samtals 0

Upphæð sem sótt er um: 12000000

Fjármögnun annarra en Reykjavíkurborgar:

Fjármögnununaraðili	Upphæð
-	-
-	-
-	-

Er sótt um styrki hjá öðrum en Reykjavíkurborg? Ef svo er, frá hverjum?

Styrkveitandi	Upphæð
-	-
-	-
-	-

Samtals 0

Aðrar upplýsingar

Hefur Reykjavíkurborg áður sýnt áður synjað verkefni umsækjanda?

Hefur umsækjandi áður fengið styrk úr borgarsjóði? Ef svo er, hvenær og hver var upphæð styrksins/styrkjanna?

Reykjavíkurborg gerði þjónustusamning við Hjálparstarfið árin 2016-2018 vegna ráðgjafar og fékk Hjálparstarfið 2.900.000kr á ári í þrjú ár. Árið 2017 fékk Hjálparstarfið 440.000 króna styrk til verkefnisins Breiðholtsbrúin sem enn er í gangi. Sama ár Styrkti borgarsjóður verkefnið Virkni og vellíðan, en því verkefni lauk í maí 2018. Árið 2016 fékk Hjálparstarfið og Hjálpræðisherinn 500.000 króna styrk fyrir sumarþúðir fyrir efnaminni fjölskyldur á Úlfliótsvatni.

Annað sem umsækjandi vill taka fram

Í skrefi þrjú er ekki sundurliðaðar áætlaðar tekjur fyrir verkefnið. Sótt er um styrk til að standa straum að hluta launa félagsráðgjafa. Í ársreikning Hjálparstarfsins sem fylgir með umsókninni kemur fram að útgjöld vegna innanlandsstarfs á síðasta starfsári voru rúmlega 75 milljónir (laun félagsráðgjafa auk öll efnisleg aðstoð). Innkoma vegna innanlandsstarfsins nam rúmlega 62 milljónum (sjá blaðsíðu 12). Inn í þeirri tölu er meðal annars safnanafé, styrkir frá ráðuneyti og Reykjavíkurborg auk önnur framlög sem er sérmerkt innanlandsstarfinu.